

24. Tungnaárlón¹

Tungnaárlón 600 m y.s.

Stíflustæði Tungnaárlóns er í farvegi Tungnaár fyrir ofan fyrirhugaða Bjallavirkjun. Lónið er nauðsynleg forsenda þeirrar virkjunar sem miðlunar- og aursöfnunarlón. Stíflan verður við Snjóöldu, þar sem áin rennur í um 200 m breiðum farvegi. Lónið nær upp undir Svartakamb, og vatnar inn í Faxasund og dálítið upp með Lónakvísl. Í skýrslu LV er þess getið að auðvelt sé að koma í veg fyrir að jökulskotið vatn flæði inn í Faxasund. Þá yrði gert þar stöðuvatn með lítilsháttar hærra vatnsborði en í lóninu. Til hliðar við aðalstíflu austanmegin eru botnrásarstífla og steipt yfirfall. Orkugeta miðlunar úr Tungnaárlóni er 270 GWh/ári ofan á núverandi grunnkerfi eftir lúkningu virkjana í Neðri-Þjórsá. Gerð um 535 Gl miðlunar í Tungnaárlóni ein og sér er hagkvæm framkvæmd.

Yfirlitstafla

Einkennisstærðir	Tungnaárlón
Rennsli til virkjunar (m ³ /s)	47,2
Vatnasvið (km ²)	770
yfirfallshæð Tungnaárlóns (m y.s.)	600
Flatarmál Tungnaárlóns við 600 m y.s. (km ²)	48
Miðlun (Gl)	535
Lengd Tungnaárlónsstíflu m. yfirfalli og botnrásarstíflu (m)	750
Mesta hæð Tungnaárlónsstíflu (m)	35
Krónuhæð Tungnaárlónsstíflu (m y.s.)	605
Afl (MW)	-
Orkugeta (GWh/ári)	270
Hagkvæmniflokkur	1

¹ Landsvirkjun Power, 2009. *Bjallavirkjun og Tungnaárlón. Tilhögun og umhverfi*. Skýrsla LV-2009/023, Mars 2009.

